



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 3/2016

Tilboðsverð Súperflugelda

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi og tölvubréfi Neytendastofu til Háamýri ehf., dags. 18. desember 2015, vegna markaðssetningar félagsins á skoteldum var athygli félagsins vakin á ákvæðum 5. gr., 8. gr., 9. gr., 11. gr., 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og reglum nr. 366/2008, um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Óskað var eftir því að Háamýri færði sönnur á að tiltekna tilboðsvörur á vefsíðunni superflugeldar.is hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði áður en til afsláttar kom. Þá var athygli félagsins vakin á því að könnun Neytendastofu leiddi í ljós að vefsíðan superflugeldar.is virtist ekki uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, þar sem upplýsingar um þjónustuveitanda væru ekki fullnægjandi. Óskað var eftir skýringum Háamýrar ásamt öðrum athugasemdum sem félagið óski eftir að koma að vegna málsins.

2.

Svar Háamýrar barst með tölvubréfi, dags. 20. desember 2015. Í tölvubréfinu er greint frá því að búið sé að setja inn þær upplýsingar sem Neytendastofa hafi talið að vanti á vefsíðuna superflugeldar.is. Að því er varði tilboðin þá sé bent á að á Facebooksíðu Háamýrar, komi fram að allur vörulistinn sé kominn á netið 7. desember og þar með öll verð tilbúin fyrir allra augum. Til að auka sýnileika síðunnar og vonandi sölu, hafi verið sett inn eitt vörunúmer á dag á niðursettu verði og í takmörkuðu magni, eins og einnig sjáist á Facebooksíðunni. Engin verð séu falin og öll verð og vörur hafi verið birt á netinu áður en nokkurt tilboð hafi byrjað. Forsíðan auglýsi tilboðin sem séu í gangi, en vinstra megin á síðunni séu vöruheiti eins og skotkökur og þar séu sýnilegar allar vörur á fullu verði. Þótt sölutímabil flugelda sé ekki hafið þá sé ljóst að sala sé löngu byrjuð hjá keppinautum. Það eina sem ekki megi sé að afhenda vöruna fyrr en 28. desember. Keppinautarnir séu allir með leyfi til að selja þessar vörur, annað en afsláttarsíður sem auglýsa fullt verð án staðfestingar og taki við peningum án þess að hafa heimild til að selja þessar vörur. Ómögulegt sé að veita sönnun þess efnis að varan hafi verið seld á fyrra tilgreinda verðinu. Ekki hafi verið tekin mynd af vefsíðunni þegar vörulistinn hafi verið settur inn, heldur hafi einungis verið auglýst á Facebook. Öll verðin hafi verið sett inn



og auglýst að það hafi verið gert. Ekkert tilboð hafi verið búið til án þess að varan hafi þegar verið á síðunni á fullu verði.

3.

Með tölvubréfi Neytendastofu til Háumýrar, dags. 21. desember 2015 staðfesti Neytendastofa að breytingar Háumýrar á upplýsingum á vefsíðu félagsins, sbr. 6. gr. laga nr. 30/2002, teldust fullnægjandi. Að því er varði tilboðsauglýsingar þá væri óskað eftir hverjum þeim skjalllegu sönnunargögnum sem Háamýri teldi við hæfi til þess að sýna fram á að umræddar vörur hafi verið seldar á fyrra verðinu og í hvaða magni þær seldust. Þetta gætu t.d. verið sölunótur, millifærslur, o.þ.h., auk markaðssetningarefnis þar sem fyrri verð koma fram.

4.

Í tölvubréfi Háumýrar til Neytendastofu, dags. 22. desember 2015 kom fram að flugeldasalar væru ekki með tölvukerfi þar sem vörur væru seldar eftir strikamerkjum. Kvittanir úr kassa og millifærslur séu bara tölur en segi ekkert til um hvaða vara sé seld. Hjalagður sé hlekkur á eina af vörunum sem minnst hafi verið á. Þegar myndin af vörunni hafi verið tekin árið 2013 þá hafi varan kostað 16.500 kr. Hækkun um 2.000 kr. á tveimur árum ætti að vera auðskiljanleg ef skoðað sé gengi dollars á þessum tíma. Varan hafi verið í sölu áður á uppgefnu fyrra verði. Engin leið sé að segja til um hversu mörg eintök hafi selst á fullu verði, þar sem kassakerfi bjóði ekki uppá þær upplýsingar. Um hinar vöurnar hafi Háamýri ekkert í höndunum nema yfirlýsingar á Facebook frá 7. desember um að allar vörur séu komnar á netið og auðvitað á fullu verði. Í bréfinu var einnig farið fram á upplýsingar frá Neytendastofu um það hver hafi komið með ábendingu vegna fyrra verðs á tilboðsvörum Háumýrar ehf., hvornig Neytendastofa vinni, hvort heimasíðan hafi verið skoðuð og yfirfarin, hvort Neytendastofa hafi fundið vörulistann á heimasíðunni með öllum verðum og hvaða önnur fyrirtæki á skoteldamarkaðnum sé verið að athuga. Með tölvubréfi Neytendastofu, dags. 22. desember 2015, var spurningum Háumýrar svarað.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita markaðssetning PEP International á skoteldum á vefsíðu félagsins pepflugeldar.is. Vörur félagsins voru kynntar líkt og um lækkað verð á vöru væri að ræða og þær kynntar undir formerkjum útsölu.

2.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.



Ákvæði 8. gr. í IV. kafla laganna er svohljóðandi: „Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.

Í 1. mgr. 9. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er um það fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.-g. liðum 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær upplýsingar sem ákvæðið tekur til og segir þar í d. lið að átt sé við rangar upplýsingar um: „verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum“

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi: „Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar segir í 3. gr.: „Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“

3.

Í máli þessu er um að ræða úrtak þriggja vörutegunda sem kynntar voru á lækkuðu verði á vefsíðunni og Neytendastofa fór fram á að færðar yrðu sönnur á að hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði: MX08200AX (Fyrra verð 18.500 kr. Verð 12.900 kr.), MX12138X (Fyrra verð 34.000 kr. Verð 20.999 kr.) og CE08X (Fyrra verð 1.400 kr. Verð 900 kr.).

Sérstaklega skal tekið fram að Neytendastofa telur að fyrra verð verði óhjákvæmilega að miðast við hvert sölutímabil fyrir sig. Hafa verður hliðsjón af því hve lengi vara hefur verið á venjulegu verði og hve lengi hún hefur verið á hinu lækkaða verði, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 2/2012. Þá er nauðsynlegt að höfð sé hliðsjón af því að formlegt sölutímabil flugelda er stutt, þ.e. tíu dagar og nær frá 28. desember til 6. janúar hver áramót, sbr. 2. gr. reglugerðar um skotelda, nr. 952/2003, með síðari breytingum. Neytendastofa telur að hinn almenni neytandi sem markaðssetningin beinist að líti svo á að auglýst fyrri verð og afsláttarverð séu verð sem stafi frá sölutímabili skotelda hverju sinni sé annað ekki tekið fram. Neytendastofa telur jafnframt að líta verði til þess að ýmsar breytingar, til að mynda gengisbreytingar, kunna að verða á markaðnum milli ára.



Þar sem annað er ekki tekið fram í kynningarefni Háamýrar ehf. leggur Neytendastofa til grundvallar að með gegnumstrikuðu verði sé átt við fyrra verð. Fyrirtæki verða að geta sannað að allar vörur sem kynntar eru á lækkuðu verði hafi verið seldar á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð. Háamýri ehf. hefur ekki lagt fram gögn til staðfestingar því að umræddar vörur í úrtaki Neytendastofu hafi sannanlega verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Þar sem Háamýri ehf. veitti Neytendastofu ekki viðeigandi upplýsingar innan tilskilins frests telur Neytendastofa að Háamýri hafi ekki sannað að vörurnar hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði né að þær hafi verið boðnar til sölu á því verði áður en þær voru auglýstar á tilboði. Af hálfu Háamýri hafa því ekki verið færðar sönnur á að um raunverulega verðlækkun sé að ræða

Með vísan til ofangreinds telur Neytendastofa að Háamýri ehf. hafi með kynningu um lækkað verð á vörunum MX08200AX, MX12138X og CE08X án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

III.

Ákvörðunarorð:

„Háamýri ehf., Kjarrmóa 20, Reykjanesbæ, rekstraraðili vefsíðunnar superflugeldar.is hefur með kynningu um lækkað verð á vörunum MX08200AX, MX12138X og CE08X, án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Háamýri ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi þremur dögum frá móttöku ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu eða sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun er að ræða má búast við að tekin verði ákvörðun um dagsektir á grundvelli 23. gr. laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 2. febrúar 2016

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir